


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Síða 1 af 2		
VEF 203		
Námsáætlun		
Vorönn 2016		

Kennari :	Halldóra Björg Sævarsdóttir	Sk.st.	HBS
Viðtalstími kennara:	Mánudag kl 11:25-12:00	Netfang:	dorabjorg@vma.is

Undanfari: VEF103

Áfangalýsing:

Í VEF 203 vefa nemendur nytjahlut/hluti og setja upp í vefstól með aðstoð kennara. Nemendur byrji að tileinka sér útreikninga og vinna eftir bindifræðimunstrum fyrir vefnað í Weave point. Áhersla er lögð á að nemendur vinni með og þekki þráðarbrékán á fjögur - sex sköft, bundið rósaband, samsetta bindingu s.s. hálfregelil, salún og íslenskt glit. Nemendur byrja að tileinka sér gildi mismunandi uppistöðu og ívafs í mismunandi vefnaðaraðferðum.

Markmið:

Að nemendur:

- reikni út sína eigin uppistöðu áður en rakið er í slöngu.
- vinni með frekar fínan þráð og reynt er að stuðla að því að nemendur vinni eftir eigin hugmyndum á frjálsan og skapandi hátt.
- nemendur geri sér grein fyrir mismunandi eiginleikum vefjarefna og fjölbreyttu notagildi þeirra.

Námsgögn:

Fagbækur f. vefnað, myndlist og textíl. Bindifræði Sigríðar Halldórsdóttur (ljósrit í vefstofu og á bókasafni VMA). Óútgefið efni eftir kennara.

Vefnaðartímarit – staðsett í vefstofu


Pinterest /Símar velkomnir til náms en annars geymdir í símakassa.

Hugmyndir um verkefni:

Unnið með t.d. bundið rósaband þ.e. krókbragð á 4 - 6 sköft þráðarbrékán á 4 – 6 sköft og með tveim litum eða annar einfaldur jafnþráðavefnaður s.s. salún eða hálfregelil. Skila skal möppu með vinnuteikningum, ljósmyndum af ferlinu og útreikningum á uppsettri voð.

Áætlun um yfirferð:

Vika	Námsefni
2-4	Áfanginn kynntur og nemendur ákveða verkefni í samráði við kennara. Hugmyndavinnuferli. Tvær prufur. Útreikningar á slöngu og byrjað að rekja í uppistöðu. Haldin skrá yfir ferlið.
5-9	Uppsetning í vefstól, inndráttur í haföld og skeið. Sköft og skammel bundin upp með aðstoð kennara og byrjað að vefa.
10-17	Voðin ofin.
18 -19	Frágangur, möppuvinna og sýning

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Síða 2 af 2		
VEF 203		
Námsáætlun		
Vorönn 2016		

Námsmat og vægi námsþátta:

Námsmat	Lýsing	vægi
Prufur og uppskriftir	Prufumappa með uppskriftum	25%
Undirbúningur	Hugmyndavinna	30%
Ofið/n stykki	Vefnaður og frágangur	35%
Frammistaða á önn	Ástundun og vinnubrögð	10%

Innkaup:

Nemendur halda áfram með að setja hugmyndir, skissur, uppskriftir og prufur í möppu úr VEF103. Einnig er gott að vera með skissubók, reiknivél og skriffæri. Efni er til staðar í skólanum og þurfa nemendur að kaupa það sjálfir en efnisgjöld áfangans (kr. 3.500) eru dregin frá þeirri upphæð.


Mjög mikilvægt er að nemendur vinni jafnt og þétt á milli tíma til að ná settum markmiðum og árangri.

Opið hús 9.mái þar sem nemendur bjóða til sín aðstandendum til að sjá afrakstur vinnunnar í áfanganum. Mikilvægt að allir taki þátt bæði í undirbúningi og að taka á móti gestum um kvöldið.

Með fyrirvara um breytingar.

Dagsetning: 5. jan 2016


 Undirritun kennara


 Undirritun brauðarstj., fagstj eða staðgengils